

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 74/2019**2020/EES/44/29****frá 29. mars 2019****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 frá 9. september 2015 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og díseleldsneytis og um breytingu á tilskipun 2009/28/EB um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum ⁽¹⁾.
- 2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 6a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 L 1513:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 frá 9. september 2015 (Stjtið. ESB L 239, 15.9.2015, bls. 1).“*2. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við 41. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 L 1513:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 frá 9. september 2015 (Stjtið. ESB L 239, 15.9.2015, bls. 1).“*3. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2015/1513, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 239, 15.9.2015, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.